

**144. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 28. nóvember
2018 og hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Ásgerður Þorleifsdóttir formaður, Inga María Guðmundsdóttir aðalmaður og Baldur Björnsson aðalmaður.

Embættismenn:

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Gamanmyndahátíð Flateyrar - 2018100040

Lagður fram tölvupóstur Eyþórs Jóvinssonar, dagsettur 9. október sl., vegna fjárhags Gamanmyndahátíðar Flateyrar. Óskað er eftir langtímasamningi um stuðning við hátíðina.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1038. fundi sínum 12. nóvember sl. og vísaði því til vinnslu í atvinnu- og menningarmálanefnd. Enn fremur var bréfitara bent á að leita til Uppbyggingasjóðs Vestfjarða.

Atvinnu- og menningarmálanefnd hafnar beiðni um samning við Ísafjarðarbæ vegna styrkveitinga til Gamanmyndahátíðar Flateyrar. Slíkir samningar eru ætlaðir til að efla hátíðir sem þegar hafa fest sig í sessi í sveitarfélaginu og sýnt fram á mikilvægi sitt í samfélagslegu og menningarlegu tilliti. Atvinnu- og menningarmálanefnd óskar aðstandendum hátíðarinnar velfarnaðar og hvetur áfram til góðra verka.

2. Samstarfssamningur - Kómedíuleikhúsið - 2005090047

Umræður um samstarfssamning við Kómedíuleikhúsið.

Atvinnu- og menningarmálanefnd felur starfsmanni nefndarinnar að uppfæra samstarfssamninginn í samræmi við umræður á fundinum og hafa samband við forsvarsmann Kómedíuleikhússins.

3. Menningarlandið 2018 - Menningarstefna - 2018110045

Lagður er fram tölvupóstur Önnu G. Björnsdóttur, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, með boði um þátttöku á málþinginu Menningarlandið 2018 um undirbúning nýrrar stefnu með virkri þátttöku málþingsgesta.

Lagt fram til kynningar.

4. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2018 - 2018020003

Kynnt eru drög að frumvarpi til laga um sviðslistir sem lögð eru fram af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og eru til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda. Umsagnarfrestur er til 27. nóvember n.k.

Atvinnu- og menningarmálanefnd ítrekar það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpi að lögum um sviðslistir að aðgengi allra landsmanna að menningu og listum sé mikilvægt og það að geta tekið þátt í slíku starfi. Jafnframt eru gerðar athugasemdir við að hvergi í frumvarpi að lögum er skýrt kveðið á um hlut sviðslista og hlutverk sviðlistaráðs gagnvart landsbyggðinni og hvernig landsmenn allir eiga að njóta lista og menninga.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:20

Ásgerður Þorleifsdóttir

Inga María Guðmundsdóttir

Baldur Björnsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir